

# Foreldrafélag Grunnskóla Stykkishólms

*Stjórnarfundur haldinn í GSS, fimmtudaginn 4. apríl 2013 kl. 18*

Mætt voru: Jón Þór, Helga og Davíð, Ægir, Joanna, Hildigunnur, Eydís, og Róbert. Kolbrún mætti kl. 18:35.

## 1. Síðasti öskudagur

Næst þarf að varast að hafa köttinn svona vandlega „innmúraðan“. Á ballinu fyrir eldri krakkana er nægilegt að u.þ.b. 5 foreldrar sjái um umsjón. Venjulega hefur ballið verið notað til fjáröflunar en að þessu sinni fengu plötusnúðar allan aðgangseyrinn. Þeir stóðu sig mjög vel.

## 2. Sumardagurinn fyrsti, 25. apríl

Til stendur að halda víðavangshlaup á sumardaginn fyrsta. Vetrarfrí verður í skólanum á föstudeginum og þ.a.l. fjögurra daga helgi. Rætt var hvort færa ætti hlaupið yfir á einhvern annan dag, t.d. 1. maí (sundlaug opin kl. 10-17) eða föstudag strax eftir skóla. Niðurstaðan að halda hlaupið 1. maí kl. 11. Mæting kl. 10:30.

Grillveisla eftir hlaupið. Kanna hvort börnin geti fengið frítt í sund fyrir þátttökuna.

Eftirfarandi þarf að útvega:

- Stjórnanda hlaupsins (ath. hlaupaleiðir, héra og upphitun) – Magnús Bæringsson (Kolbrún hefur samband við hann)
- Viðurkenningarskjal - Kolbrún
- Grill, kol og olía – Áhaldahúsið, foreldrar sjá um að grilla - (Kolbrún hefur samband)
- Pylsur, brauð, meðlæti, eldhúsrúllur og drykkjarföng - Sissa (Kolbrún hefur samband)
- Sundlaug – kanna hvort börnin geti fengið frítt í sund (Kolbrún hefur samband)
- Sundmiði - Kolbrún

## 3. Útivistartími barna

Fram kom tillaga um að foreldrafélagið kaupi segul með útivistartíma barna og færi hverjum nemanda að gjöf. Tillagan samþykkt. Kolbrún kannar málið.

Fundi slitið kl. 19:05. Engir fleiri fundir fyrirhugaðir.

Fundargerð ritaði Róbert A. Stefánsson.